



ADGERÐARÁÆTLUN

til að bregðast við kynbundnu áreiti, kynferðislegri áreitni og ofbeldi

Sviðsstjórnendur taki reglubundið til umfjöllunar samskipti á vinnustöðum sveitarfélagsins og árlega sé farið yfir atvik sem tengjast kynbundnu áreiti, kynferðislegri áreitni og ofbeldi.

Innleiðing hjá stjórnendum með mannaforráð á áherslum og áætlunum um heilbrigð samskipti á vinnustað felast í:

Komið verði á fræðsla frá Jafnréttisstofu í jafnréttis- og kynjafræðslu fyrir stjórnendur m.t.t. heilbrigðra og jákvæðra samskipa á vinnustað.

Sviðsstjórar taki reglubundið til umfjöllunar með stjórnendum sínum áherslur og áætlanir sveitarfélagsins í vinnuverndarmálum sem m.a. lúta að sálfélaglegum þáttum á vinnustað. Þar verði fjallað um verklag og skipulag vinnu sem lágmarki áhættu af óæskilegum samskiptum. Jafnframt verði fjallað um skipulag fræðslu fyrir starfsmenn.

Stjórnendur með mannaforráð veiti árlega fræðsla um heilbrigð og eðlileg samskipti á vinnustað með aðstoð sérfræðinga í vinnuvernd. Stjórnendur nýta m.a. fræðsluefni Vinnueftirlits og Jafnréttisstofu til fræðslu sinna starfsmanna.

[https://www.vinnueftirlit.is/media/fraedslu--og-](https://www.vinnueftirlit.is/media/fraedslu--og-leidbeiningarit/enginn_a_ad_saetta_sig_vid_einelti_aretni_ofbeldi.pdf)

[leidbeiningarit/enginn_a_ad_saetta_sig_vid_einelti_aretni_ofbeldi.pdf](https://www.vinnueftirlit.is/media/fraedslu--og-leidbeiningarit/enginn_a_ad_saetta_sig_vid_einelti_aretni_ofbeldi.pdf)

<https://www.jafnretti.is/static/files/2018/kynbundin-kynferdisleg-a-reitni-og-ofbeldi.pdf>

Stjórnendur vinni faglega að bættum samskiptum á vinnustöðum sveitarfélagsins m.t.t. forvirkra aðgerða sem sporna gegn kynbundnu áreiti, kynferðislegri áreitni og ofbeldi.

Sviðsstjórar tryggji að þeir hafi ætíð góða yfirsýn yfir samskipti starfsmanna á sínum sviðum.

Í starfsþróunarsamtölum verði fjallað sérstaklega um samskipti á vinnustað út frá kynbundnu áreiti, kynferðislegri áreitni og ofbeldi. Leiði samtölin í ljós óheilbrigð samskipti ber stjórnanda að bregðast við þeim og upplýsa sviðsstjóra.

Áhættumöt starfa verði tekin út og metin á árinu 2019. Fengin verði aðili með fagþekkingu í sálfélaglegu áhættumati til að yfirfara áhættumöt stofnana með stjórnendum og öryggisfulltrúum á vinnustöðum sveitarfélagsins. Komið verði á reglubundnu árlegu ferli þar sem aðili með fagþekkingu á sálfélaglegum þáttum í vinnuverndarstarfi meti með stjórnendum og öryggisfulltrúum stöðu vinnustaðarins út frá áherslum um heilbriggt og uppbyggilegt starfsumhverfi verði m.t.t. sálfélaglegra þátta.



Öryggisfulltrúar á vinnustöðum, þ.e. öryggistrúnaðarmenn og öryggisfulltrúar verði eflir í starfi sínu samhliða því að stjórnendum verði falið aukin ábyrgð á forvirkum aðgerðum til að afstýra áhættu í starfseminni.

Stjórnandi og öryggisfulltrúar hvers vinnustaðar fundi að lágmarki tvisvar á ári þar sem þeir fjalla um vinnuverndarstarf og sérstaklega samskipti á vinnustað til að leggja mat á áhættuþætti. Formgera ber fundina með fundargerð. Séu aðstæður á vinnustað með þeim hætti að þörf sé á þéttara samráði þá eru fundir haldnir eftir þörfum.

Árangursmælingar

Í tengslum við árlega könnun um starfsþróun og vinnuvernd gera stjórnendur grein fyrir aðstæðum á vinnustað. Á þriggja ára fresti er gerð starfsánægjukönnun meðal starfsmanna. Í henni verða útfærðar spurningar um kynbundið áreiti, kynferislega áreitni og ofbeldi. Niðurstöður kannana verða nýttar til úrbótavinnu og samræmingar á áherslum.

Karl Óttar Pétursson
bæjarstjóri